



GRINDAVÍKURBÆR

Ávarp forseta bæjarstjórnar Ásrúnar Kristinsdóttur á hátíðarfundum bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar í tilefni af 50 ára kaupstaðarafmæli bæjarins 10. apríl 2024

Góðan daginn, Grindvíkingur!
Gott er veðrið, sléttur sær.
Svífa í hilling Suðurnesin.
Sólarroða á Hlíðar slær.
Fyrir handan hraun og tinda
huga kær og minnarík
bíður okkar bernskufröndin, brimi sorfi, Grindavík.

Örn Arnarson orti svo fallega.

Sjávarþorpið Grindavík er okkur bæjarbúum svo kært.

Það er fólkið og atvinnulífið sem myndaði okkar blómlega samfélag.

Í dag á Grindavíkurbær 50 ára kaupstaðarafmæli það er afmælisdagur bæjarfélags sem hefur verið eftirsóknarvert að búa í, verið í mikilli uppbyggingu, með góðu og metnaðarfullu íþróttastarfi og gífurlega öflugum atvinnulífi.

Í dag eru nákvæmlega fimm mánuðir síðan Grindavík var rýmd.

152 dagar síðan líf 3742 Grindvíkinga breyttist á einni nóttu.

-Ég ætla ekki að tala um þau þyngjandi lóð sem hengd eru á þá sem lenda í slíkri vá.

Þeir einir skilja sem á eigin skinni hafa reynt.

-Ég ætla **ekki** að tala um það fjárhagslega tap og útgjaldaaukningu sem Grindvíkingar hafa orðið fyrir.

-Þá ætla ég síst af öllu að ræða hve lýjandi hamfara þreyta er og að málefni Grindvíkinga er **EKKI** smellibeita.

Þess í stað ætla ég, fyrir hönd bæjarstjórnar Grindavíkur að þakka frá okkar dýpstu hjartarótum fyrir allt það góða sem gert hefur verið fyrir framgang bæjarfélagsins og íbúa þess. **Mörgu góðu** hefur verið komið til leiðar og virkilega ánægjulegt að finna samhug landsmanna sem hafa staðið með okkur.

Grindvíkingar hafa sýnt þolinmæði og þrautseigju. Við erum stolt af samfélaginu okkar og hversu vel það hefur tekið á þessu gífurlega erfiða verkefni sem við stöndum frammi fyrir.

Nú 152 dögum síðar blasir við að verkefnið var og er **STÓRLEGA** vanmetið. Verkefnið er flóknara, margþættara og tímafrekara.

Við erum í krísu!

Það þarf krísustjórn með lykilaðilum frá ríkisvaldinu sem hafa umboð til að taka ákvarðanir hratt og vel.

Það þarf að bjarga fólki!

- og grípa samfélagið okkar strax til að lágmarka neikvæð áhrif og langtíma skaða.

Nú styttest í sumarleyfi þingmanna sem leiðir til þess að verulega hægir á málum og afgreiðslu þeirra **EN NEYÐIN** tekur sér ekki frí.

- 70 fjölskyldueiningar eru á bráðalista!
- Bráðalisti þýðir að þau eru að missa húsnæðið á næstunni.
- Þetta eru ekki 70 einstaklingar heldur 70 fjölskyldur af öllum stærðum.

Húsnæði er grunnþörf og lýðheilsuþál

Þetta er staðan eftir **152 daga** frá rýmingu!

Nú eru miklar sviptingar í stjórnámálum og málefni Grindavíkinga ekki líkleg til pólitískra vinsælda.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að halda málefnum Grindavíkur á lofti og minna á mikilvægi þess að verkefnið sé unnið vel og örugglega.

Það er ekki bara mikilvægt fyrir Grindavíkinga heldur þjóðina alla.

Að lokum vil ég hvetja til bjartsýni og jákvæðni fyrir framtíðinni, það stytir upp.

Veitum því sérstaka athygli að Íþróttandi Grindavíkinga hefur ekki yfirgefið okkur! Við erum stödd í ólgusjó, leggjumst nú saman á árar og róum í sömu átt. Verkefnið er svo miklu auðveldara í samvinnu, og eins og í ljóðinu:

Bíður okkar bernskuströndin, brimi sorfi, Grindavík.